



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 45

Febrúar 1994

### AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn í Tækniigarði, Dunhaga 5 22. febrúar 1994 kl. 20:30.

#### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffi.
3. Framhlaup Síðujökuls  
*mundsson og Óskar Knudsen*

*Magnús Tumi Guð-*

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður þriðjudaginn 22. febrúar 1994. Samkvæmt lögum félagsins verður dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir.
3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
5. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein laga.
7. Kjör valnefndar.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál.

Eftir kaffihlé sýna Magnús Tumi Guðmundsson og Óskar Knudsen myndir af framhlaupi Síðujökuls og segja frá. Undanfarin 2 ár hafa Raunvíssindastofnunarmenn fylgst með skriðhraða Síðujökuls sem hefur verið að herða á sér. Tók útfir nú fyrir áramót þegar jöklullin tók á rás með tilheyrandi sprungum og skvettum í ám. Með þessu hefur verið fylgst að undanförmu og teknar margar myndir enda framferði jöklusins ærið stórkaralegt.

## JÖKULL 1992

Nú er JÖKULL 1992 kominn út og hefur verið sendur *heim sem greitt hafa síðasta gíróseðil þ.e. fyrir árið 1992*. Þeir sem ekki hafa fengið ritið en hafa átt von á því ættu að athuga hvort þeir eigi ekki í fórum sínum ógreiddan gíróseðil.

42. árgangur er 112 blaðsíður. Í ritinu eru 7 vísindagreinar. Fjórar þeirra eru á ensku og fjalla um jarðskjálfta í Óskju, rannsóknir á jarðskorpunni úti fyrir Norðurlandi, óvenjulegar vatnsborðsbreytingar á Höskuldsvatni á Reykjaheiði, jarðlagarannsóknir í Langadal. Þrjár eru að nokkru leyti sögulegs eðlis og allar á íslensku. Þær eru um sögu hugmynda um aldur Íslands, fjallgöngur á Snæfell og annáll

jökulhlaupa árin 1984-1988. Þá eru 3 greinar á íslensku með sögulegu efni um Kötlu. Að auki er þar bókarumsögn. Ennfremur eru skýrslur um jöklabreytingar og snjóflóð og skýrslur Jöklarannsóknafélagsins og Jarðfræðafélagsins um starfsemi félaganna.

Fljótlega verða sendir út gíróseðlar fyrir árið 1993.

Oddur Sigurðsson

### SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 1993

Jöklamælingamenn hafa skilað umsögnum um jökulsporða á 45 stöðum. Af þeim hopa 25, 11 ganga fram. Á tveim stöðum stendur jaðarinn í stað og á öðrum sex varð ekki mælt vegna vatnagangs eða snjóskafla. Nú var mælt í fyrsta sinn við Kötlujökull og verður því haldið áfram. Af þeim jöklum sem ekki eru þekktir framhlaupsjöklar skriðu jafnmargir fram og þeir sem hopuðu.

Framhlaup Múlajökuls hélt áfram og er nú orðið rúmir 200 m í þetta skiptið. Skeiðarárjökull vestanverður hefur heldur betur snúið við dæminu og hopaði nú 120 m á einu ári.

Framskrið Sólheimajökuls á nú brátt aldarfjórðungs afmæli og þarf enn að herða kuldatið hér lendis ef hann á að geta haldið áfram ótrauður. Á þessum tíma hefur hann gengið hálfá þá leið fram sem hann hafði hopað næstu 40 árin þar á undan. Nær nákvæmlega það sama gildir um Gígjökul í Eyjafjallajökli. Það er sérkennilegt hve líkt þessir tveir jöklar hegða sér.

Oddur Sigurðsson

### FRÁ SKÁLANEFND

Farið var á árinu til eftirlits og viðhalds í alla skála félagsins nema Breiðárskála. Til stendur að sinna honum líka með vorinu. Skálarnir í Kirkjubóli, á Goðahnjúkum og í Esjufjöllum eru í mjög góðu standi og sömu sögu er að segja um Kverkfjallaskálann. Sá síðastnefndi var þrifinn og lakkaður í hólf og gólf, lagfærðar hurðir, settir nýir útidyrahlerar, plexiglas sett í gluggahlera og boríð á skálann að utan. Gott ástand var á báðum skálunum á Grímsfjalli. Boríð var á þá báða að utan.

Í Jökulheimum var aðalþungi frankvæmda ársins. Lokið var við að innréttá Gamlaskála. Sett var í hann ný olíuvél með tilheyrandi reykháfi sem fer mjög vel. Seglagerðin Ægir gaf nýjar dýnur í skálann. Verið er að smíða steinolítanka utan á báða skálana og horfir sú breyting mjög til þrifa innanstokks. Svo voru öll mannvirki þar málud utanhúss. Nú eru báðir Jökulheimaskálarnir læstir sem og nýi skálinn á Grímsfjalli, og verða þeir sem áhuga hafa á gistingu þar að hafa samband við Stefán Bjarnason (sími 37392 eða 28544) eða Ástvald Guðmundsson (sími 686312) til að fá lykil.

Fulltrúi skálnefndar félagsins hefur verið boðaður til spjalls og ráðagerða með öðrum félögum sem stuðla að ferðalögum í óbyggðum til að fjalla um umgengni og umferðarmenningu á hálandinu. Verður þeim umræðum haldið eithvað áfram.

Í vor verður sett upp geymsla á Grímsfjalli en hennar hefur oft verið saknað. Sömuleiðis verður reist þar náðhús svo umgengni megi sóma þjóðgarðinum.

Skálanefnd

## VEÐUR Á ÍSLANDI Í 100 ÁR

Jöklarannsóknafélaginu hefur borist til eyrna að félögum bjóðist bókin *Veður á Íslandi í 100 ár eftir Trausta Jónsson veðurfræðing* á 3.000 kr. en bókin kostar 3.450 kr. út úr búð. Þeir sem hafa hug á kaupunum gefi sig fram við ritara félagsins Odd Sigurðsson á Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík (sími 91-696036).

Oddur Sigurðsson